

Föstudagurinn, 19. september 2003

205. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 34/2003

## **Kvörtun Hreyfils svf. yfir skráningu lénsins hreyfill.com**

### **I.**

#### **Málavextir og málsmeðferð**

##### **1.**

Með bréfi Sigríðar Rutar Júlíusdóttur hdl., dags. 24. september 2002, er f.h. Hreyfils svf. kvartað yfir skráningu Kristjáns Róberts Walsh á léninu hreyfill.com. Í erindinu er rakið að leigubílastöð hafi verið rekin undir nafninu Hreyfill um langt skeið. Miklu fé og fyrirhöfn hafi verið kostað til við að byggja upp rekstur, orðspor og viðskiptavild Hreyfils. Afrakstur þessa hafi verið stór hópur ánægðra viðskiptavina, jafnt innlendra sem erlendra. Þá hafi verið haldið úti vefsetri á léninu hreyfill.is. Þar sé að finna ýmsar upplýsingar um fyrirtækið og þá þjónustu sem það veitir.

Hreyfill hafi fyrir nokkru fengið veður af því að Kristján Róbert Walsh hafi keypt lénið hreyfill.com og sett þar upp vefsetur þar sem hann auglýsi til sölu sömu þjónustu og Hreyfill veitir, þ.e. leigubílaþjónustu. Hreyfill gerir ráð fyrir að Kristján Róbert hafi með þessu móti fengið mikið af viðskiptum Hreyfils enda vefsetrið til þess fallið að blekkja neytendur og fá þá til að halda að það sé á vegum Hreyfils. Hafi Hreyfill m.a. fengið athugasemdir frá erlendum viðskiptavinum sem töldu sig vera að kaupa þjónustu af Hreyfli í gegnum umrætt vefsetur þar sem m.a. sé gefið upp farsímanúmer Kristjáns Róberts.

Hreyfill telur að félagið hafi orðið fyrir fjártjóni vegna þessa. Tjónið sé aðallega fólgið í því að viðskiptavinir Hreyfils kaupi þjónustu Kristjáns Róberts undir nafni Hreyfils og haldi að um sé að ræða þjónustu Hreyfils. Þá felist tjón Hreyfils í tapaðri viðskiptavild. Vefsetur séu mikilvæg uppspretta viðskipta og því megi ætla að Hreyfill hafi orðið af umtalsverðum viðskiptum.

Þessa háttsemi Kristjáns Róberts telur Hreyfill brjóta í bága við ákvæði VI. kafla samkeppnislaga, einkum 20., 21. og 25. gr. laganna og 1. mgr. 10. gr. laga um verslunarskrár, firmu og prókúruumboð nr. 42/1903. Af 20. gr. samkeppnislaga megi ráða þann vilja lögjafans að í atvinnustarfsemi verði aðilar að virða tiltekin siðferðisleg gildi og viðhafa góða viðskiptahætti bæði gagnvart keppinautum og

neytendum. Mat á því hvaða viðskiptahætti skuli viðurkenna og hverja ekki sé lagt í hendur samkeppnisfirvalda og dómstóla.

Hreyfill gerir þá kröfu að samkeppnisráð banni Kristjáni Róbert að auglýsa leigubílaþjónustu á léninu hreyfill.com og að honum verði bönnuð öll afnot lénsins á grundvelli 2. mgr. 30. gr. samkeppnislaga að viðlögðum sektum skv. 51. gr. laganna.

Með erindinu fylgdi útprentun af heimasíðunni á hreyfill.com þar sem m.a. eru auglýstar tilboðsferðir með leigubíl í Leifsstöð, ferðir til Gullfoss, Bláalónsins o.fl.

## 2.

Samkeppnisstofnun sendi erindi Hreyfils til umsagnar Kristjáns Róberts með bréfi dagsettu 1. október 2002 og barst svar hans með bréfi dagsettu 10. október 2002. Þar er því vísað á bug að erlendir viðskiptavinir Hreyfils hafi átt viðskipti við hann. Vefsetrið hafi eingöngu verið á íslensku. Jafnframt er því vísað á bug að villt hafi verið um fyrir neytendum. Fram kemur að hann bjóði upp á ódýrar ferðir, lénið hreyfill.com sé til sölu og sé það skráð í Bandaríkjunum.

## 3.

Svar Kristjáns Róberts var sent Hreyfli til umsagnar með bréfi dagsettu 27. nóvember 2002. Svar barst frá Gesti Jónssyni hrl., f.h. Hreyfils, dags. 5. desember 2002, og eru þar áréttuð þau sjónarmið sem fram komu í fyrra bréfi. Fram kemur að einn þáttur í starfsemi Hreyfils sé akstur farþega milli höfuðborgarsvæðisins og Keflavíkurflugvallar og séu þeir farþegar bæði íslenskir og erlendir. Eðlilegt sé að ætla að ánægðir viðskiptavinir, íslenskir og erlendir, sem hafi í hyggju að nýta sér þjónustu Hreyfils leiti að vefsetri félagsins. Búast megi við að fyrir þessa viðskiptavini sé vefsetur Kristjáns Róberts villandi. Þá megi ætla að viðskiptavinir Hreyfils álykti að tengsl séu á milli starfsemi Kristjáns Róberts og Hreyfils, sér í lagi þar sem um samskonar þjónustu og sama þjónustusvæði sé að ræða.

Hreyfill telur einsýnt að félagið hafi orðið fyrir verulegu fjártjóni vegna háttsemi Kristjáns Róberts. Lénið hreyfill.com sé tilvísun til Hreyfils og með því villt um fyrir neytendum. Þá sé viðskiptavild og orðspor Hreyfils nýtt til framdráttar Kristjáni Róbert.

Máli sínu til stuðnings vísar Hreyfill m.a. til dóms Hæstaréttar í máli nr. 268/2002, *United Parcel Service of America, Inc., gegn Úps! ehf.* Með dómnum var viðurkennt að United Parcel Service of America, hraðsendingarþjónustan UPS, ætti vörumerkjarétt, orðmerki, sem m.a. næði til auglýsingastarfsemi. Aauglýsingaþjónustunni Úps! ehf. væri því óheimilt að nota lénið ups.is og netfangið ups@ups.is og fyrirtækinu var gert að afskrá lénið og netfangið.

Með vísan til þess sem fram komi í svari Kristjáns Róberts um að lénið hreyfill.com sé til sölu segir að af þessu megi ráða að tilgangurinn með því að skrá lénið sé a.m.k. að einhverju leyti að hagnast á sölu þess. Styðji þessi ásetningur nauðsyn þess að Hreyfill fái úrskurð samkeppnisyfirvalda í málinu. Þá er ítrekað að háttsemi Kristjáns Róberts brjóti gegn ákvæðum VI. kafla samkeppnislaga, einkum 20. gr. 20. gr. a, aðallega a-, d- og g-liðar, 21. og 25. gr. laganna.

#### 4.

Athugasemdir Hreyfils voru sendar Kristjáni Róbert til umsagnar með bréfi Samkeppnisstofnunar, dags. 10. desember 2002. Engin svör bárust.

Með bréfi, dags. 15. janúar 2003, tilkynnti Samkeppnisstofnun málsaðilum að gagnaöflun í máli þessu væri lokið. Jafnframt var tilkynnt að málið yrði lagt fyrir fund samkeppnisráðs til ákvörðunar.

## II.

### Niðurstöður

Á fundi samkeppnisráðs, þann 19. september 2003, var ákvörðun tekin í þessu máli. Þátt í fundinum tóku Kirstín Þ. Flygenring, Atli Freyr Guðmundsson, Karitas Pálsdóttir, Sigurbjörn Þorbergsson og Ragnheiður Bragadóttir.

#### 1.

Í máli þessu kvartar samvinnufélagið Hreyfill yfir skráningu lénsins hreyfill.com. Hreyfill er leigubílastöð, skráður eigandi lénsins hreyfill.is og ýmissa vörumerkja þar sem orðið Hreyfill kemur fyrir. Kristján Róbert virðist af málsgögnum bjóða upp á ýmsar ferðir með leigubifreið sem hann auglýsti m.a. á léninu hreyfill.com sem hann er skráður eigandi að. Á léninu er í dag eingöngu að finna heimasíðu þar sem áhugasömum um fjögur tilgreind lénnöfn, þ.a.m. um lénið hreyfill.com, er bent á að hafa samband með tölvupósti á netfangið taxi@centrum.is. Þá kom fram í svari Kristjáns Róberts að lénið hreyfill.com væri til sölu.

Samkeppnisráð telur að þó að umsvif Kristjáns Róberts séu lítil í samanburði við leigubílastöðina Hreyfil megi að takmörkuðu leyti telja þá keppinauta og ráðið fær ekki séð að tilviljun hafi ráðið skráningu hans á léninu hreyfill.com.

#### 2.

Uppbyggingu lénnafnakerfisins er þannig háttað að annars vegar er um að ræða svæðisbundin rótarlén, samanber .is sem vísar til Íslands. Hins vegar er um að ræða almenn rótarlén sem ekki hafa svæðisbundna skírskotun, svo sem .com. Á Íslandi er það Internet á Íslandi hf., ISNIC, sem sér um skráningu og úthlutun léna undir

þjóðarléninu .is og hefur fyrirtækið sett reglur um lénaúthlutun. Um úthlutun almennra rótarléna, svo sem .com, gilda engar reglur en fyrirtækið Network Solutions, Inc., í Bandaríkjunum, heldur utan um skráningu þeirra. Sama meginregla á þó við um úthlutun léna hvað varðar bæði framangreind rótarlén; fyrstur kemur fyrstur fær.

Í ljósi þess að reglur um skráningu lénnafna eru víðast hvar takmarkaðar hafa komið upp árekstrar m.a. við firma- og vörumerkjarétt en segja má að þessi kerfi hafi þróast án tillits til hvort annars. Á vegum Sameinuðu þjóðanna er starfrækt stofnun sem ber heitið World Intellectual Property Organization, skammstafað WIPO. Hlutverk WIPO er m.a. að styrkja á alþjóðavísu vernd einkaleyfa og vörumerkja. Á vegum WIPO er síðan starfrækt miðstöð, WIPO Arbitration and Mediation Center, sem býður upp á gerðardóm og sáttaumleitanir til lausnar alþjóðlegum viðskiptadeilum einkaaðila svo sem um skráningu léna.

Deilur um skráningu léna eru fyrst og fremst tilkomnar vegna þess sem kalla má gíslingu (e. *cybersquatting*). Gísling felst í því að aðili skráir sem lén vörumerki eða nöfn fyrirtækja eða frægs fólks án þess að hafa nokkur tengsl við viðkomandi. Skráningin er gerð í þeim tilgangi að hagnast síðan á sölu lénanna. Takist ekki að selja lénið getur viðkomandi notað lénið til að ná til sín viðskiptum fyrir eigið vefsetur. Á árinu 2002 fékk WIPO Center til meðferðar alls 1.494 mál sem varða lénnöfn og notar við úrlausn málanna svo kallaðar Uniform Domain Name Dispute Resolution Policy (UDRP) reglur. Vinnureglur ISNIC fyrir úrskurðarnefnd léna eru áþekkar þessum reglum.

Í framangreindum UDRP-reglum er að finna eftirfarandi skilyrði fyrir afskiptum af skráningu léna og verða öll skilyrði að vera uppfyllt:

- i) lénnafn er eins eða mjög líkt vörumerki sem kvartandi á; og
- ii) sá sem lénið skráði hafi engan rétt á eða lögmæta hagsmuni af lénnafninu; og
- iii) að góð trú hafi ekki ráðið skráningu eða notkun lénsins.

Eftirtalin atriði eru tekin sem dæmi um að ekki hafi verið sótt um lén í góðri trú:

- i) aðstæður bendi til að lénið hafi verið skráð í þeim tilgangi að selja, leigja eða að flytja lénnafnið yfir á kvartanda sem sé eigandi vörumerkis, eða keppinautur kvartanda, fyrir umtalsvert hærra verð en kostnaður við lénnafnið er; eða
- ii) lénnafnið hafi verið skráð í þeim tilgangi að hindra eiganda vörumerkis í að skrá lénið; eða
- iii) lénnafnið hafi verið skráð til að trufla viðskipti keppinautar; eða
- iv) með notkun lénsins hafi af ásetningi, í viðskiptalegum tilgangi, verið reynt að laða Internetnotendur að öðru vefsetri með því að skapa rugling við kvartanda.

Úrskurðarnefnd ISNIC um úthlutun léna tekur eingöngu á málum sem varða þjóðarlánið .is. Aftur á móti telur samkeppnisráð að ætla megi að Hreyfill gæti leitað til WIPO Arbitration and Mediation Center hvað varðar skráningu Kristjáns Róberts á léninu hreyfill.com. Í því sambandi er rétt að geta þess að WIPO Center metur það svo að almennt geti dómstólar dæmt í deilum um lénnöfn og er þar bæði vísað til rótarlénsins og til þess lands sem stjórnunarlegur tengiliður lénnafnsins á lögheimili í, enda bindi niðurstöður þeirra ekki dómstóla.

Samkvæmt 3. gr. samkeppnislaga taka lög in til samninga, skilmála og athafna sem hafa eða er ætlað að hafa áhrif hér á landi. Enda þótt lén Kristjáns Róberts, hreyfill.com, sé skráð undir almennu rótarléni þykir samkeppnisráði einsýnt að því sé ekki ætlað að hafa að meginmarkmiði alþjóðlega skírskotun heldur það að hafa áhrif hér á landi í atvinnulegu tilliti. Tekið skal fram að allur texti á vefsetrinu er á íslensku. Í þessu sambandi skal einnig bent á að samkeppnisráð hefur áður ákvarðað í málum sem snerta skráningu léna, sbr. ákvarðanir ráðsins nr. 33/2000 og 37/2000.<sup>1</sup>

### 3.

Til stuðnings máli sínu vísar Hreyfill til 20. gr., 20. gr. a, 21. og 25. gr. samkeppnislaga. Í 20. gr. kemur fram að óheimilt sé að hafast nokkuð það að sem brjóti í bága við góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi eins og þeir eru tíðkaðir eða eitthvað það sem óhæfilegt sé gagnvart hagsmunum neytenda. Ákvæðið er almenn vísiregla að því er varðar viðskiptasiðferði og er ætlað að stuðla að góðum siðum í viðskiptum. Í gr. 20. a er fjallað um samanburðarauglýsingar. Þar er m.a. tiltekið að samanburðarauglýsingar skuli ekki leyfðar séu þær villandi, villst verði á auglýsanda og keppinauti og orðstír vörumerkis, vöruheitis eða annarra auðkenna keppinatuar sé ekki hagnýttur með ósanngjörnum hætti. Í 21. gr. er fjallað almennt um að óheimilt sé að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætti. 25. gr. laganna hljóðar svo:

*„Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því líkt sem sá hefur ekki rétt til er notar eða rekur atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.“*

Í greinargerð með frumvarpi til samkeppnislaga nr. 8/1993 kemur fram að í 25. gr. laganna felist almenn samkeppnisregla um vernd auðkenna og sé hún til fyllingar á

<sup>1</sup> Sjá ákvörðun nr. 33/2000, *Kvörtun Jónasar R. Sigfússonar yfir notkun Iceland Export Directory á orðinu export við rektur tölvuvefs á Internetinu* og ákvörðun nr. 37/2000, *Erindi Hönnunar hf. vegna notkunar Stefáns Helga Kristinssonar á léninu honnun.com og ritunar firmans Sígild hönnun.*

vörumerkjavernd. Þar segir jafnframt að í 2. málslíð 25. gr. sé rétturinn til að nota eigin auðkenni takmarkaður á þann veg að óheimilt sé að nota auðkenni þannig að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru auðkenni sem annað fyrirtæki noti með fullum rétti.

Ekki hefur annað komið fram en að lénnöfnin hreyfill.is og hreyfill.com séu skráð á réttan hátt hjá skráningaraðilum viðkomandi rótarléna. Samkeppnisráð telur því að 2. málslíður 25. gr. komi til álita í máli þessu. Ber þá að líta til þess hvort skráningaraðili hafi verið í góðri trú og hvort hægt sé að ruglast á lénnöfnunum.

Fram hefur komið að Hreyfill er skráð samvinnufélag og á m.a. lénið hreyfill.is og ýmis vörumerki með orðinu Hreyfill. Tengsl Kristjáns Róberts við orðið hreyfill eru vandséð og ekki hafa komið fram nokkrar skýringar á því aðrar en að hann bjóði upp á ódýrar ferðir og að lénið hreyfill.com sé til sölu.

Með vísan til þess sem hér hefur verið rakið, m.a. svokallaðra UDRP-reglna, fær samkeppnisráð ekki séð að Kristján Róbert hafi verið í góðri trú þegar hann skráði lénið hreyfill.com og setti þar upp vefsetur sem bauð upp á þjónustu áþekka þeirri sem Hreyfill býður. Kristján Róbert hafi vísvitandi verið að nota sér það álit sem Hreyfill hafi skapað sér í þeim tilgangi að vekja beint eða óbeint með neytendum hugmyndir um tengsl við fyrirtækið. Þá fær samkeppnisráð ekki séð hver annar en kvartandi, Hreyfill, ætti að hafa hagsmuni af því að kaupa lénið af Kristjáni Róbert. Samkeppnisráð telur því að skráningin hafi verið framkvæmd til þess að hindra Hreyfill í að skrá lénið, valda ruglingi og trufla með því viðskipti fyrirtækisins. Slíkt telur samkeppnisráð að brjóti í bága við góða viðskiptahætti samanber ákvæði 20. gr. samkeppnislaga. Jafnframt hafi Kristján Róbert brotið gegn ákvæðum 2. ml. 25. gr. laganna með því nota lénið hreyfill.com á þann hátt að gera megi ráð fyrir að neytendur myndu halda að lénið sýndi tengsl við Hreyfill og þannig villst á því og léninu hreyfill.is sem Hreyfill notar með fullum rétti.

Með vísan til framangreinds telur samkeppnisráð nauðsynlegt að banna Kristjáni Róbert Walsh að nota lénið hreyfill.com og leggur fyrir hann að láta afskrá það.

Í málinu tilgreinir kvartandi einnig að með skráningu lénsins hreyfill.com hafi verið brotið gegn ákvæðum 20. gr. a og 21. gr. samkeppnislaga. Með vísan til þess sem hér hefur þegar komið fram um þá ruglingshættu sem skráningin valdi og brot á 20. og 25. gr. laganna telur samkeppnisráð ekki þörf á að fjalla einnig um brot á 20. gr. a og 21. gr.

**III.**  
**Ákvörðunarorð:**

**„Kristján Róbert Walsh, Ingólfsstræti 4, Reykjavík hefur með skráningu lénsins hreyfill.com brotið gegn ákvæðum 20. og 25. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.**

**Með vísan til 2. mgr. 30. gr. samkeppnislaga bannar samkeppnisráð Kristjáni Róbert Walsh alla notkun lénsins hreyfill.com og leggur fyrir hann að afskrá lénið innan tveggja vikna frá birtingu ákvörðunar þessarar.**

**Verði ekki farið að banninu má gera ráð fyrir að viðurlögum verði beitt.“**